

Sp.

573. Fyrirspurn

[308. mál]

til félagsmálaráðherra um ráðgjafarþjónustu Húsnæðisstofnunar ríkisins.

Frá Guðrúnu Agnarsdóttur.

1. Hve margir hafa leitað til ráðgjafarþjónustu Húsnæðisstofnunar ríkisins eftir að hún var opnuð öðru sinni og óskað eftir viðbótarlánum og annarri fyrirgreiðslu?
2. Er það fólk, sem nú leitar til þjónustunnar, sama fólk og fékk viðbótarlán á síðasta ári?
3. Hvaða skilyrði setur ráðgjafarþjónustan fyrir viðbótarlánum?
4. Hvað er gert fyrir það fólk sem ekki fullnægir skilyrðum og getur ekki staðið undir fjárhagslegum skuldbindingum sínum?
5. Er vitað hve margir hafa misst húsnæði sitt á síðustu missirum?